

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 3.10 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.05 hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur kr. 0.75 á m² á mán.
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. — 0.30 — m² —

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu á kr. 0.80 hverja kwst., og auk þess fastagjald kr. 5.00 á mán. fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 m², telst sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er undir 10 m², má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngilda einu herbergi og hverjir 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds, kr. 250.00, fyrir kw. í málraun véla.
2. Um afl- og orkumæla til véla í frystihúsum, fiskverkunarstöðvum og iðnaðar-fyrirtækjum, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw., þannig reiknað:
 - a. Aflgjald af notuðu afl kr. 750.00 á kw. á ári
 - b. Orkugjald af allri notkun — 0.40 — kwst.
 Heimilt er að rjúfa strauminn í allt að 3 stundir á dag á tímum mesta álags.
3. Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kwst.mæli á kr. 0.40 hverja kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 660.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.
4. Til súgpurrrunar um kwst.mæli á kr. 0.50 hverja kwst., enda skuldbindi notandi sig til að nota ekki vélarnar á mesta álagstíma dagsins, skv. fyrirmælum rafveitustjóra.

D. Hitun.

1. a. Um kwst.mæli á kr. 0.40 hverja kwst., enda sé þá minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Heimilt er að rjúfa strauminn allt að 3 stundum á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
b. Án straumrofs á kr. 0.80 hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.18 hverja kwst., enda megi þá rjúfa strauminn á tím-anum frá kl. 8—23.
Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.
 - a. Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra. Þá getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra og kostar þá notandinn tengingu þeirra og greiðir leigu af þeim samkvæmt reglum, er gilda um leigu mælitækja.

- b. Að vélaafl, götulinur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.60 hverja kwst.
2. Hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja samkv. lið A-1.

II. MÆLALEIGA

Notandi greiði leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|---|-----------------|
| 1. Af einfasa kwst.mælum allt að 50 amp. | kr. 3.00 á mán. |
| 2. — þrífasa kwst.mælum allt að 50 amp. | — 5.00 — — |
| 3. — þrífasa kwst.mælum 50—200 amp. | — 10.00 — — |
| 4. — þrífasa kwst.mælum yfir 200 amp. | — 15.00 — — |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Skal leigan af mælitækjunum innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

1. Grunn gjald af hverri loftlínuheimtaug kr. 750.00
2. Grunn gjald af hverri jarðlínuheimtaug — 1050.00

Auk þessa grunn gjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti húseigandi meta húsið á ný, skal þó heimtaugargjaldið miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga, þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 25.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt 50 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 10% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar nr. 60 27. apríl 1959.

Atvinnumálaráðuneytið, 4. júní 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 79.

6. júní.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Ólafsson á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. júní 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Ólafsson á Íslandi.

Stofnandi sjóðsins: Despina Karadja prinsessa 6. júní 1962.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Ólafsson á Íslandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um hina göfugu, kristnu konu, Ingibjörgu Ólafsson, sem frá fyrstu æskuárum hefur helgað Guði líf sitt og alla ævi þjónað honum með starfi sínu í K. F. U. K og öðru kristilegu starfi á Íslandi, í Danmörku, víðsvegar á Norðurlöndum og á Englandi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla kristilegt starf hjá íslenskum æskulýð samkvæmt kenningum lúthersku kirkjunnar íslensku.

4. gr.

Vöxtum af höfuðstóli sjóðsins skal á ári hverju eða a. m. k. annað hvort ár verja til þess að styrkja eina eða fleiri ungar konur, sem vilja stunda guðfræðinám eða búa sig á annan hátt undir æskulýðsleiðtogastarf á evangelis-lútherskum grundvelli á Íslandi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Biskup Íslands, vígslubiskup sá, er hann tilnefnir, og einn maður kjörinn af kirkjuráði. Stjórnin vinnur kauplaust.